

# Ytra mat grunnskóla Oddeyrarskóli

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og Akureyrarkaupstað.

Höfundar: Hanna Hjartardóttir og Birna Sigurjónsdóttir  
© Menntamálastofnun, 2015.

ISBN 978-9935-433-71-8

## Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna . . . . .	5
Inngangur . . . . .	7
Markmið og tilgangur . . . . .	7
Aðferðir og framkvæmd . . . . .	7
Oddeyrarskóli . . . . .	9
Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi . . . . .	9
Stefna skólans . . . . .	9
Starfsmenn . . . . .	10
Nemendur . . . . .	10
Árangur náms . . . . .	11
Samræmd könnunarpróf . . . . .	11
Starfstími. . . . .	14
Sérfræðiþjónusta . . . . .	14
Niðurstöður . . . . .	15
Svið I – Stjórnun . . . . .	15
Fagleg forysta . . . . .	15
Stefnumótun og skipulag . . . . .	17
Samskipti heimila og skóla . . . . .	19
Svið II – Nám og kennsla . . . . .	21
Nám og námsaðstæður . . . . .	21
Þátttaka og ábyrgð nemenda. . . . .	24
Námsaðlögun . . . . .	25
Svið III – Innra mat . . . . .	27
Framkvæmd innra mats. . . . .	27
Umbótastarf í kjölfar innra mats . . . . .	28
Svið IV – Skóli án aðgreiningar . . . . .	30
Menning og viðhorf . . . . .	30
Námskrá og áætlanir . . . . .	30
Upplýsingamiðlun og samskipti . . . . .	31
Starfshættir . . . . .	31
Styrkleikar og tækifæri til umbóta . . . . .	33
Heimildir. . . . .	40



## Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Oddeyrarskóla sem fór fram á haustönn 2015. Teknir voru fyrir fjórir matsþættir, þar af voru þrír fyrirfram ákveðnir en fjórði matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla. Þættirnir sem lagt var mat á voru *stjórnun, nám og kennsla, innra mat* og að ósk skóla og sveitarfélags var fjórði þáttur *Skóli án aðgreiningar*.

## Stjórnun

Stjórnendur leggja rækt við samskipti í skólasamfélaginu m.a. með árvissum spjallfundum foreldra í ákveðnum aldurshópum (1., 4., 7. og 10. bekkjar) og boði til foreldra tveggja aldurshópa (1. og 8. bekkjar) að fá umsjónarkennara í heimsókn heim á heimilið. Samstarf bæði innan skóla og við nær-samfélagið einkennist af gagnkvæmu trausti og samkennd. Skólasamfélagið hefur skilgreint jákvæðan skólabrag og mótað leiðir til að viðhalda honum. Kennarar eru hvattir til að leita fjölbreyttra leiða í sí- og endurmenntun til að auka sífellt gæði náms og kennslu. Starfsáætlun og skólanámskrá uppfylla flest viðmið aðalnámskrár og endurspegla áherslur í skólafundum Akureyrarbæjar.

Verklagsreglur og viðbrögð við einelti liggja fyrir og unnið er eftir þeim. Skólaráð er virkur samráðsaðili skólans og reglubundnar upplýsingar eru sendar foreldrum um skólastarfið og árangur einstakra verkefna.

Vinna þarf að námsvísunum í skólanámskrá þar sem m.a. er gerð grein fyrir því hvernig grunnþættir menntunar fléttast inn í allt skólastarf. Mikil samskipti eru við önnur skólastig og nærsamfélagið en æskilegt er að hafa umfjöllun um það á heimasíðu skólans. Umfjöllun um sérkennslu og stuðning, sem hluta af stoðþjónustu skólans, auk lista yfir skimanir vegna sértækra vandamála, er æskilegt að hafa á heimasíðu. Vinna þarf að gerð móttökuáætlana fyrir nýja nemendur, nemendur með sérþarfir og nemendur með annað tungumál en íslensku.

## Nám og kennsla

Almennur hluti skólanámskrár er birtur á heimasíðu skólans, þar eru sett fram markmið og undirmarkmið um nám og kennslu, samstarf heimila og skóla, samstarf við grenndarsamfélagið og við önnur skólastig. Námsvísar eða námskrár fyrir námsgreinar og árganga liggja ekki fyrir en í námsáætlunum koma fram markmið, viðfangsefni og námsmat fyrir önnina.

Árangur nemenda í samræmdum prófum hefur verið sveiflukenndur undanfarin ár og framfarastuðlar sýna minni framfarir en almennt gerist bæði í íslensku og stærðfræði. Í 10. bekk á það sama við í íslensku þar sem fleiri nemendur sýna minni framfarir en almennt gerist og enginn nemandi sýnir meiri framfarir.

Skólastofur eru vel útbúnar námsgögnum og umhverfi almennt hvetjandi til náms. Kennarar sýna góða fagþekkingu í vettvangsathugunum og fékk meirihluti kennslustunda sem matsmenn heimsóttu matið *góð* eða *frábær kennslustund*. Fræðandi kennsluhættir sáust í flestum stundum og í þriðjungu stunda sem fylgst var með í vettvangsathugunum voru nemendur í markvissri samvinnu.

Sérstaða skólans felst í því hvernig unnið er í skóla án aðgreiningar og samskipti í skólasamfélaginu einkennast af jákvæðni og virðingu í samræmi við einkunnarorð hans og áherslur. Nemendasamtöl þar sem kennari og nemandi ræða stöðu nemandans og líðan eru almennt ekki viðhöfð en námsráðgjafi og skólastjóri hafa átt einstaklingsamtöl við nemendur í unglingsáætlunum árlega undanfarin ár. Nemendur í rýnihópi nefna dæmi um að þeir hafi áhrif á skólastarfið, s.s. með því að taka þátt í skólabingi síðastliðið ár.

## Innra mat

Mat á námi og árangri nemenda fer fram reglulega. Kannanir um líðan og samskipti eru árlega lagðar fyrir foreldra, nemendur og starfsmenn. Auk þess eru gerðar SVÓT greiningar á ýmsum viðburðum í skólanum og s.l. vor var haldið skólaþing með nemendum til þess að fá fram hugmyndir þeirra.

Í vorskýrslu frá síðasta skólaári er rætt um helstu leiðir sem farnar voru í innra mati og umbótaáætlun liðins árs er skýrt sett fram með markmiðum, leiðum, mælikvarða á árangri, tímaáætlun og ábyrgðaraðilum. Allar áætlanir í innra mati eru lagðar formlega fyrir skólaráð og niðurstöður kynntar.

Helstu áætlanir í innra mati svo og niðurstöður þeirra þurfa að vera öllum hagsmunaaðilum aðgengilegar á heimasíðu skólans. Gera þarf langtímaáætlun um innra mat þar sem hugað er að því að öll markmið í skólanámskrá séu metin markvisst, svo og áætlun yfir líðandi skólaár.

## Skóli án aðgreiningar

Hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar kemur fram í skólanámskrá þar sem lögð er áhersla á nám við hæfi einstaklinga. Í rýnihópum kemur fram það viðhorf viðmælenda að skólinn sé án aðgreiningar og leitast sé við að allir nemendur fái aðstæður til náms og stuðning sem þeir þurfa. Allir nemendur eru velkomnir í skólann, hann er þekktur fyrir jákvætt viðhorf til fatlaðra nemenda og foreldrar nemenda með sérþarfir leita eftir því að koma í skólann vegna góðrar þjónustu við þá. Markvisst er unnið að því að útvega námsgögn og útbúa námsumhverfi sem hentar nemendum með sérstakar þarfir. Sérkennsla fer að mestu fram inni í bekk.

Deildarstjórar bera ábyrgð á skipulagi sérkennslu hvor á sínu stigi. Starfsfólk vinnur saman í teyllum í því skyni að auka gæði kennslu og koma betur til móts við ólíkar þarfir nemenda. Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir nemendur sem þess þurfa en hlutdeild foreldra í námskrárgerðinni er lítil og nemendur koma ekki að mótun hennar.

Skólinn nýtir sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins og kennarar fá ráðgjöf og fræðslu vegna nemenda sem þurfa sérstakan stuðning í námi. Gera þarf upplýsingar um stuðning og sérkennslu aðgengilegar foreldrum á heimasíðu skólans svo og upplýsingar um skólann og skólastarfið aðgengilegar fyrir alla, óháð tungumáli eða fötlun.

## Inngangur

Í þessari matsskýrslu er fjallað um ytra mat á Oddeyrarskóla. Matið var framkvæmt af Birnu Sigurjónsdóttur og Hönnu Hjartardóttur og fór fram á vettvangi á tímabilinu 7.-10. september. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Matið er hluti af samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis en framkvæmdin er á vegum Menntamálastofnunar. Matið er byggt á þeim skyldum ríkis og sveitarfélaga sem koma fram í 37. og 38. grein laga um grunnskóla frá 2008.

Í Oddeyrarskóla voru fjórir þættir metnir; *stjórnun, nám og kennsla, innra mat og skóli án aðgreiningar*. Síðasttaldi matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla.

## Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er samkvæmt 35. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 að:

1. Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufyrivalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.
2. Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla.
3. Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum.
4. Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og lögð sérstök áhersla á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja skóla, stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar.

Grundvöllur ytra mats eru viðmið um gæði stjórnunar, náms og kennslu og innra mats. Auk þess geta sveitastjórnir/skólar óskað eftir mati á fjórða þætti sem í þessu tilfelli var *Skóli án aðgreiningar*. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Áherslur og straumar í skólastefnum sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands voru einnig höfð til hliðsjónar auk *Sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarfið 2007-2020* (Hrönn Pétursdóttir, 2007). Litið var til viðmiða í ytra mati víða erlendis, svo sem frá Englandi, Skotlandi, Noregi, Svíþjóð, Þýskalandi og Kanada. Einnig var horft til viðmiða Reykjavíkurborgar í heildarmati á grunnskólum.

Við matið er gengið út frá almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla frá 2011 og greinasviðum frá 2013. Skólar höfðu svigrúm til að laga skólastarf sitt að aðalnámskrá til 2015 og einn kaflahluta til 2016, það er kafla 9.4. Þar sem getið er um einkunnagjöf með hæfnikvarða sem skilgreindur er með bókstöfum. Matið er því leiðbeinandi og birtist í tillögum til úrbóta sem skólar geta stuðst við í innleiðingu sinni.

## Aðferðir og framkvæmd

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um skólann áður en farið var í vettvangsathuganir og rýni-viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á skólastarfið, ýmist í prentuðu máli eða á rafrænu formi.<sup>1</sup> Þá voru skoðaðar niðurstöður samræmdra prófa og framfarastuðull frá Menntamálastofnun undanfarin fimm ár. Skoðaðar voru úttektir á sjálfsmati skólans sem ráðuneytið lét fara fram árin 2001 og 2009 en engar heildarúttektir hafa verið gerðar af hálfu mennta- og menningarmála-

<sup>1</sup> Skólanámskrá og starfsáætlun, sýnishorn af kennsluáætlunum og námsáætlunum, greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, stundatöflur nemenda, símenntunaráætlun, yfirlit yfir valgreinar, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta-menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

ráðuneytis undanfarin fimm ár. Fundur var haldinn 7. september 2015 með öllu starfsfólki skólans. Þar voru forsendur matsins kynntar, sem og framkvæmdin. Þá gafst einnig tækifæri til að fara með skólastjóra í skoðunarferð um skólann. Sama dag mættu matsmenn á fund skólanefndar og gerðu grein fyrir matinu, framkvæmd og forsendum. Næstu þrjú daga tóku við vettvangsathuganir hjá u.þ.b. 90% kennara og þá gafst einnig tækifæri til að spjalla við nemendur. Haldnir voru rýnifundir með kennurum, öðrum starfsmönnum skólans, stjórnendum, nemendum í 4.-10. bekk, foreldrum og fulltrúum í skólaráði. Þátttakendur í rýnihópum voru allir valdir með slembiúrtaki. Þá var tekið einstaklingsviðtal við skólastjóran, deildarstjóra yngra stigs sem er staðgengill skólastjóra og svo deildarstjórana saman. Sérstökum spurningum vegna fjórða matsþáttarins, skóli án aðgreiningar, var beint til allra rýnihópanna.

Vettvangsathugunin stóð yfir í þrjú daga (auk kynningarfundar og skoðunar), þ.e. 7.-10. september. Farið var í 23 kennslustundir hjá 25 kennurum og í fjölbreyttum námsgreinum, s.s. stærðfræði, íslensku, ensku, samfélagsfræði, náttúrufræði, smíði, íþróttum og tónlist, auk sérkennslu. Kennarar vissu hvaða daga matsmaður var væntanlegur í vettvangsheimsókn en ekki í hvaða tíma. Var það gert til að undirstrika að matið eigi að vera á hefðbundnum kennslustundum, ekki sérstaklega undirbúnum vegna matsins. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir hverja kennslustund. Skólastjóri fékk í hendur samfellda lýsingu á hverri kennslustund þar sem einnig voru sérstaklega dregnir fram tveir þættir sem voru til fyrirmyndar og einn sem hugsanlega mætti bæta. Kennurum var boðið að hitta matsmenn í lok hvers dags og fá endurgjöf og nýttu tæplega 90% kennara sér það.

Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram og að lokinni skólaheimsókn unnu þeir saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Það ber að hafa í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.



## Oddeyrarskóli

### Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi

Um 1870 var aðeins einn barnaskóli á Akureyri og var staðsettur í „innbænum“. Þegar byggð fór að rísa á Oddeyri kröfðust foreldrar þess að fá skóla þar og var kennt í ýmsum húsum frá 1879 til 1900. Þá var reistur skóli á brekkubrúnni sem þjónaði nemendum á Oddeyri og það var ekki fyrr en árið 1957 sem Oddeyrarskóli tók til starfa. Skólinn var byggður í mörgum áföngum allt til ársins 2001.

Frístund er í boði í Oddeyrarskóla fyrir börn í 1.-4. bekk eftir skólatíma til kl. 16:15. Á þessu skólaári verður félagsmiðstöð til húsa í skólanum en jafnframt geta nemendur sótt félagsmiðstöðina Tróju í frístundum sínum.

Í Oddeyrarskóla er lögð áhersla á að nemendur og starfsfólk vinni náið með nærsamfélaginu í því skyni að auka námsáhuga, dýpka nám og öðlast víðsýni. Það er m.a. gert með vel undirbúnum vettvangsferðum í stofnanir og fyrirtæki bæjarins. Þá hafa nemendur á unglingsstigi verið í starfstengdu námi hjá fyrirtækjum og stofnunum bæjarins.

Kennarar leik- og grunnskóla hittast að hausti til að gera áætlun um samstarf. Það felst m.a. í gagnkvæmum heimsóknum elstu nemenda leikskóla og 1. bekkjar grunnskóla. Nemendum með sérþarfir er fylgt eftir milli skólastiga. Nemendum 8.-10. bekkjar gefst kostur á að stunda valgreinar ýmist innan skólans eða með öðrum skólum bæjarins auk þess sem hægt er að fá metna þátttöku í íþróttum, listum, tónlistarnámi o.fl. Þá býður Verkmenntaskóli Akureyrar nemendum í grunnskólum Akureyrar upp á nokkrar verklegar valgreinar, svo sem rafiðnir, tréiðnir og aðhlyning og umönnun.

Forskólanám í tónlist hjá Tónlistarskóla Akureyrar fer fram í húsnæði grunnskólans strax að loknum skóladegi. Einnig geta nemendur stundað nám í hljóðfæraleik á skólatíma grunnskóla ef óskað er eftir.

### Stefna skólans

Einkunnarorð skólans eru: *ábyrgð, virðing, vinátta*. Á heimasíðu skólans er fjallað nánar um útfærslu þessara gilda og þar segir m.a.: *Í Oddeyrarskóla vinnum við saman að því að skapa skólasamfélag sem nær árangri. Það einkennist af jákvæðum skólabrag, áhugasömum og metnaðarfullum einstaklingum.* Þar er einnig sagt frá hvernig skólinn vinnur að jákvæðum skólabrag á ýmsan hátt. Skólareglurnar eru einnig tengdar þessum þremur einkunnarorðum.

Í Oddeyrarskóla er unnið eftir hugmyndafræði *SMT skólafærni* (útfærsla á bandarísku aðferðinni „positive behavior Support“ eða PBS). Innleiðing hennar hófst í skólanum árið 2006 en hugmyndafræðin gengur út á *jákvæðan stuðning við hegðun nemenda*. Markmiðið er að skapa jákvæðan skólabrag og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks skóla.

Starfsmenn skólans starfa í teymum í því skyni að auka gæði kennslu og koma betur til móts við ólíkar þarfir nemenda, m.a. með fjölbreyttum kennsluháttum og námsmatsleiðum. Einnig er teymiskennsla liður í því að auka faglega samræðu kennara. Nokkur teymi eru mynduð þannig að kennarar vinna saman með tvo til þrjú árganga. Skólinn hlaut Erasmus-styrk á vormánuðum 2015 sem er ferðastyrkur fyrir stjórnendur og kennara sem gefur þeim tækifæri til að heimsækja skóla erlendis sem skara fram úr í faglegri samræðu og upplýsingatækni í skólastarfi.

Síðastliðin tvö ár hafa starfsmenn í Oddeyrarskóla unnið þróunarstarf sem snýst um að auka upplýsingatækni í námi nemenda í gegnum umhverfi sem kallast Google education. Það umhverfi hefur leyst USB lykila af hólmi og gefur nemendum tækifæri til aukinnar rafrænnar samvinnu auk þess sem það auðveldar kennurum að leiðbeina nemendum á auðveldan hátt við ritunavinnu. Þá er að hefjast stórt þróunarverkefni um samræður í námi. Í skólanum er *Byrjendalæsi* orðið fast í sessi og flestir kennarar yngsta stigs og miðstigs hafa sótt námskeið í PALS eða félagalestri og er það notað með markvissum hætti í 1.-7. bekk.

## Starfsmenn

Starfsmenn eru samtals 45. Stjórnendur eru þrír (sem eru með samtals 18 tíma í kennsluskyldu). Við skólann starfa 23 kennarar (18,57 stöðugildi), enginn leiðbeinandi. Þar af eru tveir sérkennarar sem eru þó hluti af kennarateymi og annast bæði bekkjarkennslu og sérkennslu/námsaðlögun auk þess sem allir aðrir kennarar annast námsaðlögun inn í bekk. Aðrir sérfræðingar eru námsráðgjafi í einu stöðugildi. Fjöldi annarra starfsmanna en kennara er 18:

- 3 stuðningsfulltrúar inni í bekkjarkennslu (tveir á yngsta stigi og einn á miðstigi).
- 1 húsvörður í fullu starfi.
- 7 skólaliðar (þar af einn í veikindaleyfi til lengri tíma, eiga að vera 6 skólaliðar).
- 1 ritari í 70% starfi.
- 3 starfsmenn í Frístund (umsjónarmaður sem er leikskólakennari og tveir stuðningsfulltrúar).
- 1 hjúkrunarfræðingur (í raun starfsmaður heilsugæslustöðvar).
- 2 starfsmenn í eldhúsi: matráður og aðstoðarmatráður.

Kynjaskipting er þannig að karlmenn eru 15,6% af starfsmönnum skólans.

Heilt yfir er mikill stöðugleiki í starfsmannahópi. Nokkrir komu nýir inn á þessu skólaári en þær ráðningar tengjast fyrst og fremst námsleyfum, fæðingarorlofi eða langtímaveikindum. Einnig þurfti að ráða starfsmenn vegna aukningar á úthlutuðum tímum.

Sérhæfing/menntun kennara nýtist vel, m.a. með teymiskennslu því kennarar í teyimum geta dreift verkefnum á milli sín eftir færni og áhugasviði. Í list- og verkgreinakennslu eru kennarar sem eru sérhæfir í myndlist, textílmenn, smíðum og tónlist.

## Nemendur

Í Oddeyrarskóla eru 190 nemendur á haustönn 2015. Meðalstærð bekkja er 19 (frá 13 nemendum upp í 26 nemendur). Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nem.	24	15	13	16	20	14	24	18	20	26
Bekkjardeildir	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1

Nemendur sem fá skilgreinda sérkennslu, það er nemendur sem eru með einstaklingsnámskrá vegna sérþarfa (fötlunargreiningar), eru 13 eða 6,8% nemenda. Aðrir sem þurfa námsaðlögun að einhverju leyti (og eru flestir með einstaklingsnámskrá) eru samkvæmt úthlutun skóladeildar Akureyrar 13, eða 6,8% nemenda. Að auki eru börn í skólanum greind með leshömlun, eða í miklum vanda í læsinaði, 26, eða 13,7% nemenda. Fjöldi nemenda með annað móturmál en íslensku eru 16, eða 8,4% nemenda. Nemendur sem stunda nám á öðru skólastigi eru fjórir (í stærðfræði). Sex aðrir nemendur sækja valgrein í samvinnu grunnskólanna við VMA (trésmíði og rafvirkjun) og fá námið metið til eininga í VMA.


## Árangur náms

### Samræmd könnunarpróf

Einn einkunnakvarðiinn sem notaður er við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Þessi einkunnakvarði hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og því er hægt að bera saman frammistöðu milli ára og jafnvel námsgreina. Kvarðiinn nær frá 0 upp í 60 þar sem meðaltalið er 30 og staðalfrávikíð tíu.

#### Samantekt á niðurstöðum 2010-2014

#### 4. bekkur




Mynd 1. Meðaltalsárangur nemenda í 4. bekk sl. fimm ár. Punktalínan er landsmeðaltalið og svarta línan sýnir þróun þessi ár.

Frammistaða nemenda í fjórða bekk hefur verið talsvert sveiflukennd síðustu fimm árin. Allt frá því að vera töluvert langt fyrir neðan landsmeðaltal í báðum greinum og upp í það að vera marktækt fyrir ofan meðaltal, einkum í íslensku. Hafa ber í huga að fjöldi nemenda í árgangi er ekki mikill eða frá 16 og upp í 21 á þessum árum.

Yfirleitt hefur þátttaka í prófinu verið mjög góð, allt upp í 100% nema árið 2014 þegar 76% þreyttu próf í íslensku og 86% í stærðfræði. Meðaltal þátttöku á landsvísu er tæp 90%.

## 7. bekkur



Mynd 2. Meðaltalsárangur nemenda í 7. bekk sl. fimm ár. Punktalínan er landsmeðaltalið og svarta línan sýnir þróun þessi ár.

Frammistaða nemenda í sjöunda bekk síðustu fimm árin hefur sveiflast talsvert milli ára en er þó alltaf undir landsmeðaltali á þessu tímabili.

Fjöldi í árgöngum hefur verið allt frá 24 nemendum þegar flest var árið 2012 og niður í 15 nemendur árið 2011.


Þátttaka í prófum er yfirleitt mjög góð og allt upp í 100%.

### Framfarir nemenda milli 4. og 7. bekkjar

Niðurstöður samræmdra könnunarprófa gefa möguleika á að skoða framfarir nemenda milli próftöku í 4. og 7. bekk. Framfarir nemenda skólans sem hafa tekið 4. og 7. bekkjar prófin eru settar fram og metnar eftir því hvort þær eru *minni*, *svipaðar* eða *meiri* en almennt gerist meðal jafnaldra á landsvísu.

Þegar skoðaðar eru framfarir nemenda árið 2014 kemur fram að framfarir nemenda í 7. bekk í Odddeyrarskóla, bæði í íslensku og stærðfræði, eru minni en landsmeðaltal og athygli vekur að enginn nemandi sýnir *meiri framfarir* en almennt gerist. Allur hópurinn sýnir *minni* eða *svipaðar framfarir*.

## 10. bekkur



Mynd 3. Meðaltalsárangur nemenda í 10. bekk árin 2010-2013. Punktalínan er landsmeðaltalið og svarta línan sýnir þróunina þessi ár.

Frammistaða nemenda í tíunda bekk árin 2010-2013 er nokkuð svipuð í öllum þremur greinum. Í byrjun tímabils, þ.e. árið 2010 voru allar greinar um og yfir landsmeðaltali og enskan marktækt yfir meðaltali. Ári síðar eru enska og stærðfræði einnig yfir meðaltali en íslenskan töluvert undir. Árin 2012 og 2013 hafa allar þrjár greinarnar verið undir meðaltali. Hér eru ekki settar fram niðurstöður ársins 2014 vegna fámennis í árgangi.

Áberandi góð þátttaka er í öllum greinum samræmdra prófa þessi fjögur ár.

### Framfarir nemenda milli 7. og 10. bekkjar

Niðurstöður samræmdra könnunarprófa gefa möguleika á að skoða framfarir nemenda milli prófa í 7. og 10. bekk. Framfarir nemenda skólans sem hafa tekið 7. og 10. bekkjar prófin eru settar fram og metnar eftir því hvort þær eru *minni*, *svipaðar* eða *meiri* en almennt gerist meðal jafnaldra á landsvísu.

Framfarir nemenda 10. bekkjar skólans milli prófa árið 2014 í íslensku sýna að áberandi fleiri lenda í flokknum „*minni framfarir*“ heldur en landsmeðaltal sýnir og enginn nemandi sýnir *meiri framfarir* en almennt gerist. Í stærðfræði eru nemendur í flokknum *minni framfarir* nærri landsmeðaltali en síðan eru 80% af hópnum í flokki *svipaðar framfarir* og enginn er í hópnum *meiri framfarir*. Hafa þer í huga að hér að um mjög fámennan hóp var að ræða og því ekki hægt að ræða um marktækar niðurstöður.

## Starfstími

Árlegur starfstími skólans er 180 skóladagar nemenda, þar af 170 kennsludagar, hinir tíu eru skóla-setning, skólaslit, foreldraviðtalsdagar og svo framvegis. Auk þess eru fimm skipulagsdagar starfsfólks á skólaárinu og átta skipulagsdagar utan þess. Vikulegur kennslutími nemenda er samkvæmt viðmið-unarstundaskrá.

Nákvæm skráning er á öllum forföllum. Forfallastundir á vorönn 2015 voru samtals 239 (veikindi, nám, námskeið, fundir, jarðarfirir o.s.frv.) þar af voru um 225-230 mannaðar kennurum en einstaka stundir voru felldar niður eða leystar með öðru starfsfólki í skólanum.

## Sérfræðiþjónusta

Skólinn sækir sérfræðiþjónustu og ytri ráðgjöf til starfsfólks á Skóladeild Akureyrarbæjar og til Fjölskyldudeildar bæjarins og er þjónustan veitt í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum.

## Niðurstöður

### Svið I – Stjórnun

Í skólanámskrá Oddeyrarskóla er gerð grein fyrir sýn, stefnu og starfsháttum skólans. Einkunnarorð skólans eru *ábyrgð, virðing, vinátta* og eru þau skilgreind nánar í skólanámskrá og í starfi skólans er lögð áhersla á að það fari fram undir þeim merkjum. Með SMT- skólafærni er lögð áhersla á jákvæðan skólabrag og reynt að tryggja öryggi og velferð bæði nemenda og starfsfólks.

Í skólustefnu Akureyrarbæjar er lögð áhersla á jafnan rétt til náms, umhyggjusemi og vellíðan nemenda. Þar segir einnig: *Með bókvit, verkvit og siðvit að leiðarljósi fái sérhver nemandi hvatningu til náms í samræmi við þroska sinn, áhuga, hæfileika og sköpunargleði.*

Á þetta leggur Oddeyrarskóli áherslu þar sem unnið er að skóla án aðgreiningar á öllum sviðum.

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir í 7. grein:

*Við grunnskóla skal vera skólastjóri sem er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir faglega forustu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Skólastjóri stuðlar að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins. Skólastjóri boðar til kennarafunda svo oft sem þurfa þykir á starfstíma grunnskóla. Kennarafundi skulu sækja kennarar og aðrir sérfræðingar skólans. Skólastjóri boðar til starfsmannafunda svo oft sem þurfa þykir.*

Þá segir í aðalnámskrá grunnskóla: *Skólastjóri í samstarfi við starfsfólk ber ábyrgð á gæðum þess starfs sem fer fram í viðkomandi skóla (kafli 10.1).*

### Fagleg forysta

#### Stjórnandinn sem leiðtogi

Stjórnendur leggja rækt við samskipti við nemendur, starfsmenn og foreldra í daglegu starfi. Allir þekkja vel stefnu skólans og einkunnarorð og þau eru sýnileg í skólanum og í starfi hans. Stjórnandi miðlar upplýsingum um gæði skólustarfsins og árangur nemenda í skóla- og frístundastarfi á heimasíðu skólans og í fréttabréfum. Stjórnendur hvetja kennara markvisst til að auka sífellt gæði náms og kennslu. Heimsóknir í kennslustundir þar sem fram fer mat og endurgjöf eru þó ekki reglulegur þáttur í starfinu.

Í öllum rýnihópum kom fram áherslan á samstarf meðal allra í skólasamfélaginu og jákvæðan starfsanda og þar er skólastjórinn leiðtogi.

#### Styrkleikar

- Skólinn hefur mótað einkunnarorð, skilgreint þau og starfar eftir þeim.
- Allir í skólasamfélaginu þekkja stefnu skólans.
- Kennarar eru markvisst hvattir til að auka gæði náms og kennslu.

#### Tækifæri til umbóta

- Að stjórnendur fylgist reglulega með námi og kennslu og veiti endurgjöf.

### Stjórnun stofnunar

Stjórnendur í skólanum skipta með sér verkum þannig að sérþekking þeirra og reynsla nýtist skólastarfinu sem best. Reynt er að skipa kennslustörfum með þeim hætti að sérfræðipækking og menntun kennara nýtist einnig sem best í starfi. Unnið er eftir verklagsreglum um skjalastjórnun sem jafnframt snertir upplýsingagjöf um nemendur og starfsþróunarviðtöl eru regluleg fyrir alla starfsmenn. Allir starfsmenn undirrita skjal um trúnað og þagnarskyldu og það gildir einnig um kennaranema í staðbundnu námi í skólanum.

Fyrir liggur jafnréttisáætlun og henni fylgir nákvæm framkvæmdaáætlun fyrir yfirstandandi skólaár þar sem eru sett markmið, leiðir til að ná þeim og ábyrgðaraðilar hvers þáttar.

Ekki er til svokölluð móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn.

#### Styrkleikar

- Stjórnendateymi skiptir með sér verkum og miðlar reglulega upplýsingum sín á milli.
- Kennarar sinna kennslu sem er í samræmi við menntun þeirra og sérhæfingu.
- Framkvæmdaáætlun jafnréttisáætlunar liggur fyrir.

#### Tækifæri til umbóta

- Gera þarf móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn.

### Faglegt samstarf

Í skólanámskrá er fjallað um góðan skólabrag og hvatt til umburðarlyndis, jafnréttis og virðingar gagnvart öðrum, sjálfum sér og umhverfinu. Markvisst er stuðlað að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti allra í skólanum. Í rýnihópum kom fram að lýðræðisleg vinnubrögð væru í heiðri höfð í öllu skólastarfi. Fundaáætlun er sett upp fyrir skólaárið og nær til alls starfsfólks. Fundir eru boðaðir með dagskrá og geta starfsmenn skráð fyrirfram málefni sem þeir óska eftir að rædd séu á þeim.

Samstarf um nám og kennslu er bæði formlegt og óformlegt og miðar að því að styrkja nám nemenda. Í þeim tilgangi hefur m.a. verið tekin upp teymiskennsla.

Samskipti við önnur skólastig eru margvísleg og samskipti við leikskólann virk samkvæmt skráðri áætlun sem gerð er á haustin. Í vorskýrslu koma fram samskipti við grenndarsamfélagið m.a. á þann hátt að nemendur á unglingastigi fara í starfskynningar í fyrirtæki og stofnanir. Kynningar á framhaldsskólum eru reglulegur þáttur og samstarf í gangi við Tónlistarskóla Akureyrar. Hins vegar eru samskipti við þessa aðila ekki skráð og því ekki hægt að fræðast um þau á heimasíðu.

#### Styrkleikar

- Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarf í skólanum.
- Samstarf einkennast af jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti aðila.
- Starfsmannafundir eru reglulegir, boðaðir með dagskrá og fundargerðir aðgengilegar.

#### Tækifæri til umbóta

- Skrá niður samskipti við önnur skólastig og grenndarsamfélagið og birta á heimasíðu.



### Skólaþróun

Í þróunar- og umbótaáætlun 2014-2015 má sjá að hún byggir á stefnu skólans svo og innra og ytra mati á starfinu. Umbótaáætlun líðandi árs er í vinnslu en æskilegt er að hún sé gerð strax í kjölfar vorskýrslu svo unnið sé eftir henni strax frá skólabyrjun.

Símenntunaráætlun miðar að því að efla alla starfsmenn í starfi. Þar koma fram áherslur skólans og hvernig einstaklingar sækja símenntun. Samræmi er milli símenntunaráætlunar og umbótaáætlunar líðins árs.

#### Styrkleikar

- Símenntunaráætlun tengist þróunar- og umbótastarfi innan skólans.
- Símenntun kennara og annars starfsfólks miðar að því að efla það í starfi.

#### Tækifæri til umbóta

- Hafa umbótaáætlun tilbúna í byrjun skólaárs.

### Stefnumótun og skipulag

#### Starfsáætlun og skólanámskrá

Skólanámskrá, almennur hluti, uppfyllir að mestu leyti viðmið sem eru birt í aðalnámskrá. Þó vantar svokallaða námsvísa eða árganganámskrár þar sem m.a. er gerð grein fyrir hvernig grunnþættir menntunar eru tengdir hverri námsgrein. Skólanámskráin endurspeglar þær áherslur sem koma fram í skólastefnu Akureyrarbæjar.

Skólanámskrá var unnin skólaárið 2012-2013 og lögð fyrir skólaráð og skólanefnd til staðfestingar og starfsfólk tók þátt í gerð hennar. Nemendur áttu þar ekki hlut að máli nema í gegnum skólaráð en foreldrar fengu drögin send heim og gátu þannig haft tækifæri til að koma með ábendingar.

Starfsáætlun uppfyllir einnig að mestu þau viðmið sem eru birt í aðalnámskrá og er hún uppfærð árlega með þátttöku starfsfólks skólans.

#### Styrkleikar

- Almennur hluti skólanámskrár og starfsáætlun uppfylla að mestu leyti viðmið aðalnámskrár.
- Starfsfólk tekur þátt í gerð starfsáætlunar og skólanámskrár.

#### Tækifæri til umbóta

- Vinna að námsvísu þar sem m.a. er gerð grein fyrir hvernig grunnþættir menntunar fléttast inn í allt skólastarf.
- Gæta þess við næstu endurskoðun skólanámskrár að allir hagsmunaaðilar eigi þar beina þátttöku.

### Skóladagur nemenda

Skóladagur nemenda er heildstæður og vikulegur námstími í samræmi við viðmiðunarstundaskrá. Sveigjanleiki viðmiðunarstundaskrár er nýttur til að skapa samfellu í námi. Er það t.d. gert í svokölluðum smiðjum sem eru verklegar greinar alveg frá fyrsta bekk. Sama gildir um sundnám í 9. og 10. bekk sem fer fram í námskeiðum vor og haust.

Námsgreinar eru samþættar að einhverju leyti á öllum stigum. Má þar nefna Byrjendalæsi í yngstu árgögnum, íslensku og samfélagsfræði á miðstigi og unglingastigi.

Nemendur á unglingastigi fá fjölbreyttar valgreinar til að dýpka þekkingu á námssviðum og áhugsviði þeirra. eru þær ýmist til boða í Oddeyrarskóla, í öðrum skólum bæjarins eða í samstarfi við Verkmenntaskólann á Akureyri.

#### Styrkleikar

- Sveigjanleiki viðmiðunarstunda er nýttur til að skapa samfellu í námi.
- Fjölbreyttar valgreinar eru í boði fyrir unglingastigið.
- Námsgreinar eru samþættar að einhverju leyti á öllum stigum.

### Verklagsreglur og áætlanir

Skólasamfélagið hefur skilgreint jákvæðan skólabrag og mótað leiðir til að viðhalda honum. Er það gert með SMT aðferðafræðinni svo og við skilgreiningu á einkunnarorðum skólans. Þær skólareglur sem gilda eru unnar í takt við hugmyndafræði SMT skólafærni. Auk þess setur hver bekkjardeild sér bekkjarreglur sem nemendur vinna í samvinnu við sinn umsjónarkennara. Þar sem skólinn er farinn af stað í þróunarverkefni sem snýst um að auka samræðu hafa nemendur á unglingastigi einnig sett sér bekkjarreglur þar um.

Verklagsreglur og viðbrögð við einelti liggja fyrir og unnið er eftir þeim. Það kom fram í rýnihópum, þar sem voru nemendur, foreldrar og starfsmenn, að skjótt og vel er brugðist við ef eineltismál koma upp. Ýmis verkefni eru unnin í forvarnarskyni og í vorskýrslu skólans er listi yfir þau. Forvarnarfulltrúar frá Rósenborg, sem er aðsetur samfélags- og mannréttindadeildar Akureyrarbæjar, eru með forvarnaráætlun fyrir alla aldursflokka og vinna í nánú samstarfi við skólann. Starfsmenn þaðan sjá um forvarnarfræðsluna.

Ekki er til staðar heildstæð áætlun um sérkenntu og stuðning en deildarstjórar hvor á sínu stigi bera ábyrgð á þeim þætti skólastarfsins. Í starfsmannahandbók, sem er að finna á innra neti skólans, er listi yfir kannanir og skimanir í leik- og grunnskólum Akureyrar sem eru til þess að finna þá sem þurfa sér-tæka aðstoð.

Í starfsmannahandbók er stuttur gátlisti fyrir starfsmenn vegna komu nýrra nemenda og sérstakur bæklingur er afhentur foreldrum nemenda sem hefja nám í 1. bekk, en móttökuáætlun fyrir nýja nemendur liggur ekki fyrir. Sama gildir um móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku og nemendur með sérstakar þarfir.

#### Styrkleikar

- Skólasamfélagið hefur skilgreint jákvæðan skólabrag og mótað leiðir til að viðhalda honum.
- Skólareglur eru jákvæðar og viðbrögð við agabrotum lausnamiðuð.
- Verklagsreglur og viðbrögð við einelti liggja fyrir og unnið er eftir þeim.

### Tækifæri til umbóta

- Vinna að gerð móttökuáætlana fyrir nýja nemendur, nemendur með sérþarfir og nemendur með annað tungumál en íslensku.
- Gera áætlun um sérkennslu og stuðning fyrir skólaárið.
- Huga að því við endurskoðun skólaregla að það verði gert með þátttöku nemenda.
- Setja lista yfir skimanir og kannanir á heimasíðu skólans.

## Samskipti heimila og skóla

### Skólaráð, foreldrafélag

Skólaráð er virkur samráðsaðili í stjórnun skólans og stefnumörkun. Allar helstu ákvarðanir varðandi stefnu, skólahald og skólaþróun eru lagðar fyrir ráðið. Skólaráð fundar reglulega en hefur ekki sett sér sérstaka verkáætlun. Allar fundargerðir ráðsins eru á heimasíðu skólans.

Fulltrúar kennara, nemenda og annarra starfsmanna eru kosnir með lýðræðislegum hætti en nemendur kjósa árlega fulltrúa úr nemendaráði skólans. Með því er ekki tryggt að nemendur sitji tvö ár eins og reglugerð kveður á um. Foreldrar eru beðnir að gefa sig fram við stjórnendur ef þeir hafa áhuga á setu og eru valdir út frá því. Að sögn fulltrúa í rýnihópi úr skólaráði er fulltrúi grenndarsamfélags kjörinn af hverfisráði.

Stjórn foreldrafélagsins fundar í skólahúsnæðinu en stjórnendur hafa þar ekki aðkomu nema á aðalfundi félagsins og með óformlegum samtölum við formann félagsins. Góð tengsl eru milli foreldrafélags og skólaráðs þar sem einn fulltrúi skólaráðs situr einnig í stjórn foreldrafélagsins.

### Styrkleikar

- Skólaráð er virkur samráðsaðili skólans.
- Skólaráð fundar reglulega og fundargerðir eru aðgengilegar á heimasíðu.
- Góð tengsl eru milli fulltrúa í skólaráði og stjórnar foreldrafélagsins.

### Tækifæri til umbóta

- Að skólaráð setji sér starfsáætlun.
- Gæta þess að allir fulltrúar séu kosnir eins og reglugerð kveður á um.

### Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun

Stjórnendur og umsjónarkennarar halda uppi virku samstarfi við foreldra með aðstoð annarra kennara skólans meðal annars með reglubundnum „vikupóstum“, námskynningum að hausti og foreldraviðtölum tvisvar á ári auk þess sem foreldrum tveggja árganga (1. og 8. bekkjar) er árlega boðið að fá kennara í heimsókn á heimili sitt til að ræða nám og líðan nemenda. Þar sem ekki eru fyrir hendi námsvísar í skólanámskrá geta foreldrar ekki fengið yfirsýn yfir námsefni, námsleiðir og markmið sérhvers fag eða árgangs yfir allt skólaárið.

Í rýnihópi foreldra kom fram að foreldrum finnst þeir fá þau skilaboð frá skólanum að hlutverk þeirra í námi barnanna sé mikilvægt og samstarfið skipti velferð barna þeirra miklu máli. Þá telja foreldrar sig hafa greiðan aðgang að upplýsingum um skólastarf og fljótt brugðist við ef leysa þarf mál.

Með árlegum spurningum í Skólapúlsi, sem foreldrar svara, er leitað eftir hugmyndum foreldra. Þá eru morgunfundir fyrir foreldra í fjórum árgöngum þar sem gefst tækifæri til að tjá skoðanir sínar og hugmyndir.

Að mati fulltrúa í rýnihópi er heimasíðan ekki mjög virk í notkun, foreldrar telja sig jafnvel nýta meira Face-book síðu skólans en hún er beintengd heimasíðunni þannig að fréttir sem settar eru á heimasíðu birtast einnig á Face-book síðunni. Á þeim tíma sem matsmenn voru að störfum vantaði á heimasíðuna ýmsar upplýsingar sem ættu að vera aðgengilegar svo sem um innra mat skólans.

#### Styrkleikar

- Foreldrar fá ýmis tækifæri til að koma hugmyndum sínum og skoðunum á framfæri við skólann.
- Reglubundnar upplýsingar eru sendar foreldrum um skólastarfið og árangur einstakra verkefna.
- Skipulagðar foreldraheimsóknir eru reglulegur þáttur í skólastarfinu.

#### Tækifæri til umbóta

- Vinna og setja námsvísa á heimasíðu svo foreldrum, verðandi foreldrum og öðrum í skólasamfélaginu séu þeir aðgengilegir.

## Svið II – Nám og kennsla

Einkunnarorð Oddeyrarskóla eru *ábyrgð, virðing, vinátta*. Skólareglur eru tengdar við þessi þrjú einkunnarorð. Þau eiga að minna á ábyrgð á námi, kennslu og framkomu, að sýna hvert öðru virðingu, bæði í orði og verkum og minna á mikilvægi vináttu og að öllum líði vel í skólanum.

Í sýn og stefnu skólans sem birt er á heimasíðu er lögð áhersla á jákvæðan skólabrag, að skapa áhuga einstaklinga með fjölbreyttum viðfangsefnum og metnað þeirra til að ná árangri.

Skólinn vinnur eftir hugmyndafræði SMT skólafærni (School Management Training) en markmið SMT skólafærni er að skapa jákvæðan skólabrag og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks skóla.

Skólafærni Akureyrarbæjar byggir á fjórum hornsteinum; þekking – leikni – virðing – vellíðan, þar segir einnig að í skipulegu námi þurfi að gefa öllum stoðunum jafnan gaum. Í framtíðarsýn kemur fram að skólar á Akureyri verði fyrirmynd góðra skóla.

## Nám og námsaðstæður

### Inntak og árangur

Að mati allra viðmælenda er skólinn án aðgreiningar og nemendur fá nám og kennslu samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla.

Almennur hluti skólanámskrár er birtur á heimasíðu skólans, þar eru sett fram markmið og undirmarkmið um nám og kennslu, samstarf heimila og skóla, samstarf við grenndarsamfélagið og við önnur skólástig. Markmiðin byggja á aðalnámskrá grunnskóla og eru sett fram þannig að auðvelt sé að leggja mat á þau og er það til fyrirmyndar þó ekki verði séð hvort það hafi verið gert. Margir þættir almenns hluta skólanámskrár eru í starfsáætlun líðandi árs. Ekki er fjallað sérstaklega um grunnþætti aðalnámskrár í skólanámskrá eða námsáætlunum en víða má greina áherslur sem eru í samræmi við þá. Skólanámskráin var unnin skólaárið 2012-2013 af stjórnendum og kennurum skólans og birt árið 2014.

Árangur nemenda í samræmdum prófum hefur verið sveiflukennur undanfarin ár og framfarastuðlar sýna að um fjórðungur nemenda í 7. bekk tekur minni framförum en eðlilegt getur talist bæði í íslensku og stærðfræði sem er hærra hlutfall en almennt gerist. Í 10. bekk á það sama við í íslensku þar sem um þriðjungur nemenda sýnir minni framfarir en eðlilegt getur talist.

Í viðtölum kemur fram að kennarar og stjórnendur fara yfir niðurstöður samræmdra prófa og ræða um hvað megi betur fara hjá hópum og einstaklingum.

### Styrkleikar

- Vakin er athygli á fjölbreyttum árangri nemenda og nemendahópa innan skóla og utan.
- Í skólanámskrá, almennum hluta, eru sett skýr, metanleg markmið fyrir skólastarfið.

### Tækifæri til umbóta

- Endurskoða skólanámskrá, almennan hluta og gera skil þeim þáttum sem aðalnámskrá gerir ráð fyrir að þar komi fram.
- Tryggja þátttöku allra hagsmunaaðila skólans að gerð skólanámskrár.
- Draga skýrt fram hvernig grunnþættir menntunar fléttast inn í allt skólastarf.
- Vinna markvisst að því að bæta árangur nemenda.

### Skipulag náms og námsumhverfi

Námsvísar eða námskrár fyrir námsgreinar og árganga liggja ekki fyrir en í námsáætlunum koma fram markmið, viðfangsefni og námsmat fyrir önnina. Námsáætlanir eru birtar foreldrum og nemendum í Mentor en birtast ekki á heimasíðu. Foreldrar geta því ekki séð samfellu náms milli ára heldur sjá aðeins markmið fyrir eina önn í senn. Áhugasamir foreldrar utan skólans hafa þannig ekki aðgang að námskrám skólans.

Námsáætlanir fyrir haustönn 2015 fylgja flestar ákveðnu formi þar sem birt eru námsmarkmið, viðfangsefni og leiðir, upplýsingar um námsmat, verkefni og áhöld. Hæfniviðmið eru nefnd í sumum tilvikum en ekki tilgreind né heldur viðmið um árangur. Dæmi um matskvarða í námi sást í stærðfræðikennslu á miðstigi sem hluti af áformamöppu nemenda.

Í skólanámskrá eru sett markmið um samstarf milli skólastiga en samstarfsáætlanir birtast ekki á heimasíðu. Áætlun um samstarf við leikskóla liggur fyrir en ekki um samstarf við framhaldsskóla eða tónlistarskóla.

Skólastofur eru vel útbúnar námsgögnum og umhverfi almennt hvetjandi til náms. Á yngri stigum sást í vettvangsathugunum markviss notkun námsgagna, m.a. í stærðfræðiverkefninu *Snillingahorn* í 2. og 3. bekk.

Nemendur á unglíngastigi hafa val um fjölbreyttar valgreinar í sex stundir á viku í 8. bekk og átta stundir í 9. og 10. bekk sem fullnægir því sem viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir. Í yngri árgöngum er lítið um val milli verkefna miðað við það sem sást í vettvangsathugunum en nemendur virðast hafa nokkuð val um útfærslu verkefna.

Ekki er mikil áhersla á heimanám af hálfu skólans nema heimalestur í yngri bekkjum. Það er helst að nemendur taki verkefni heim sem þeir ná ekki að ljúka í skólanum að sögn kennara. Nemendur í rýnihóp segja meira heimanám í elstu bekkjum.

Nemendasamtöl þar sem kennari og nemandi ræða stöðu nemandans og líðan eru almennt ekki viðhöfð en námsráðgjafi og skólastjóri hafa átt einstaklingssamtöl við nemendur í unglíngadeild árlega undanfarin ár.

### Styrkleikar

- Greinargóðar námsáætlanir eru gerðar í öllum námsgreinum.
- Skólastofur eru vel útbúnar námsgögnum og umhverfi almennt hvetjandi til náms.
- Nemendur á unglíngastigi hafa val um fjölbreyttar valgreinar.
- Námsráðgjafi og skólastjóri hafa átt einstaklingssamtöl við nemendur í unglíngadeild árlega undanfarin ár.

### Tækifæri til umbóta

- Útbúa námskrár/námsvísa fyrir allar námsgreinar sem sýna samfellu milli árganga og birta þær á heimasíðu.
- Setja skýrt fram viðmið um námsmat og matskvarða í námskrám skólans.
- Birta samstarfsáætlanir um samvinnu við framhaldsskóla og tónlistarskóla.
- Auka val í námi nemenda á miðstigi og yngsta stigi.
- Koma á reglulegum nemendasamtölum.

### **Kennsluhættir og gæði kennslu**

Kennarar sýna góða fagþekkingu í vettvangsathugunum og voru flestar kennslustundir metnar góðar eða frábærar. Stundirnar voru vel undirbúnar og vel skipulagðar og tími vel nýttur. Samvinna, fjölbreytni, mismunandi verkefni og notkun upplýsingatækni er það sem einkennir kennsluna að mati kennara í rýnihópi. Fræðandi kennsluhættir sáust í flestum stundum og í þriðjungum stunda sem fylgst var með í vettvangsathugunum voru nemendur í markvissri samvinnu. Í flestum stundum voru nemendur að fást við sama verkefni á sama tíma.

Viðfangsefni stundarinnar var í öllum tilvikum vel kynnt en markmið sjaldnar tilgreind, þ.e. hverju nemendur eiga að hafa náð tókum á í lok stundarinnar. Endurgjöf í þeim stundum sem heimsóttar voru fólst oftast í því að kennari gekk á milli nemenda og aðstoðaði og leiðbeindi þeim um lausn verkefna.

Í námsáætlunum er gerð grein fyrir fjölbreyttum námsleiðum og námsmati. Íslenska og samfélagsfræði eru að hluta kenndar í samþættingu á yngsta og miðstigi og dæmi eru um samþætt og heildstæð verkefni á öllum aldurstigum. List- og verkgreinar eru kenndar í smiðjum, á miðstigi í sex tíma á viku í 7 vikur og á yngsta stigi í fjóra tíma á viku. Unglingum er skylt að velja eina valgrein á sviði list- eða verkgreina.

### **Styrkleikar**

- Flestar kennslustundir voru metnar góðar eða frábærar, stundirnar voru vel skipulagðar og tími vel nýttur.
- Í námsáætlunum er gerð grein fyrir fjölbreyttum námsleiðum og námsmati.

### **Tækifæri til umbóta**

- Æskilegt er að leggja enn meiri áherslu á að nemendur fáist við krefjandi verkefni sem stuðla að virkri þátttöku og rökhugsun nemenda.
- Setja þarf markmið kennslustunda skýrt fram svo nemendum sé ljóst það sem þeir eiga að ná tókum á hverju sinni.
- Nýta námsumhverfi enn frekar í námi, innanhúss og utan og með tengslum við grenndarsamfélagið.

### **Námshættir og námsvitund**

Ánægja af lestri og áhugi á stærðfræði mælist í Skólapúlси á síðasta skólaári nálægt landsmeðaltali. Ánægja af náttúrugreinum er aftur á móti undir landsmeðaltali. Upplýsingamennt er kennd í öllum árgöngum og nemendum kennt að nýta rafrænt námsefni og námsumhverfi í *google*. Í stærðfræði á miðstigi vinna nemendur eftir áformum sem þeir setja sér sjálfir.

Í rýnihópi nefna nemendur íþróttir, íslensku, list- og verkgreinar og stærðfræði sem skemmtilegar námsgreinar. Nemendum í rýnihópi finnst best að læra með samræðum, skrifa punkta hjá sér og tala saman í hópum. Þægilegast er að það sé frekar rólegt, má alveg tala en ekki gott að hafa læti, segja þau. Trú á eigin vinnubrögð í námi mælist í Skólapúlси nálægt landsmeðaltali en trú á eigin námsgetu aðeins undir meðaltali.

Í vettvangsathugunum voru nemendur oftast að vinna hver að sínu verkefni út frá fyrirmælum kennara og allir að því sama. Ekki virðist almennt boðið upp á að nemendur vinni verkefni á sínu áhugasviði nema í valgreinum á unglingsstigi.

### Styrkleikar

- Upplýsingamennt er kennd í öllum árgöngum og nemendum kennt að nýta rafrænt námsefni og umhverfi í google.
- Í stærðfræði á miðstigi vinna nemendur eftir áformum sem þeir setja sér sjálfir.

### Tækifæri til umbóta

- Auka val nemenda um verkefni, m.a. eftir áhugasviði og einnig val þeirra um leiðir í námi.
- Skoða hvað veldur lítilli ánægju af námi í náttúrugreinum.

## Þátttaka og ábyrgð nemenda

### Lýðræðisleg vinnubrögð

Starfsreglur nemendaráðs eru birtar á heimasíðu skólans en upplýsingar um fulltrúa í því eru frá skólaárinu 2013-2014 og fundargerðir frá sama skólaári. Þar kemur fram að hlutverk félagsins er m.a. að skipuleggja félagsstarfið og miðla upplýsingum milli nemenda og stjórnenda skólans. Hlutverk ráðsins er þannig tengt félagsmálum og samskiptum nemenda fremur en námi og skólastarfi. Félagið nær til nemenda í 6.-10. bekk og fulltrúar í stjórn eru kosnir leynilegri kosningu.

Nemendur í rýnihópi nefna dæmi um að þeir hafi áhrif á skólastarfið, s.s. með því að taka þátt í skólaþingi. Þeim er einnig kennt að setja sér markmið áður en þeir fara í unglingsdeildina segja þeir. Formaður nemendafélags situr í skólaráði og situr alla fundi þess. Hann fer með málefni nemenda áfram ef þeir vilja koma einhverju á framfæri.

Vikulega eru bekkjarfundir í öllum árgöngum, þar gefst nemendum tækifæri til að ræða mál sem snerta þá og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

### Styrkleikar

- Starfsreglur nemendaráðs eru birtar á heimasíðu skólans.
- Nemendur fá tækifæri til að tjá sig um málefni sem snerta þá, m.a. á bekkjarfundum og tillit er tekið til sjónarmiða þeirra.

### Tækifæri til umbóta

- Koma á þátttöku nemenda í yngri deildum í nemendafélagi og tryggja að rödd þeirra heyrst einnig í skólastarfinu.
- Tryggja fulltrúum nemenda kennslu og þjálfun fyrir verkefni sín og þátttöku í félags- og skólastarfi.
- Sjá til þess að upplýsingar um ákvarðanir ráða og nefnd þar sem fulltrúar nemenda sitja, séu öllum nemendum aðgengilegar.

### Ábyrgð og þátttaka

Nemendur koma almennt vel fram og taka tillit til annarra. Frá árinu 2006 hefur verið unnið eftir SMT-skólafærni en hugmyndafræðin gengur út á jákvæðan stuðning við hegðun nemenda. Einelti mælist þó nokkru hærra en landsmeðaltali í nemenda- og foreldrakönnun Skólaláupsins á síðasta skólaári.



Eineltið virðist mismikið eftir árgöngum og heldur meira hjá stelpum en strákuð miðað við þessar niðurstöður. Í rýnihópum kom fram að skólinn hefur verið að vinna með eineltið eftir að þessar upplýsingar komu fram.

Námsráðgjafi hefur námskeið með nemendum í 6. bekk með það að markmiði að efla sjálfstraust og sjálfsmynd þeirra. Einnig heldur hann sjálfstyrkingarnámskeið fyrir nemendur með ADHD og lesblindu.

Markmið eru skýrt fram sett í námsáætlunum í flestum námsgreinum en viðmið um árangur koma ekki fram í þeim. Nemendur á miðstigi og í unglingadeild setja sér markmið í námi og foreldrar fylgjast með því, *maður sér það í möppunum þeirra*, segir í rýnihópi foreldra. Nemendur fá tækifæri til að meta eigin stöðu í námi í frammistöðumati.

#### Styrkleikar

- Samskipti í skólasamfélaginu einkennast af jákvæðni og virðingu í samræmi við einkunnarorð skólans og áherslur í SMT-færni.
- Námsráðgjafi hefur námskeið með nemendum í 6. bekk með það að markmiði að efla sjálfstraust og sjálfsmynd.
- Nemendur á miðstigi og í unglingadeild setja sér markmið í námi.
- Nemendur fá tækifæri til að meta eigin stöðu í námi í frammistöðumati.

#### Tækifæri til umbóta

- Vinna markvisst að því að uppræta einelti í skólanum.
- Birta viðmið um árangur í öllum námsgreinum.

### Námsaðlögun

#### *Nám við hæfi allra nemenda*

Kennarar í rýnihópi telja sérstöðu skólans m.a. felast í skóla án aðgreiningar. Undir þetta taka foreldrar og nefna dæmi um að foreldrar velji skólann vegna þessarar sérstöðu. Að sögn viðmælenda er leitað allra leiða til að allir nemendur geti tekið virkan þátt í námi og starfi innan skólans og utan.

#### Styrkleikar

- Sérstaða skólans felst í því hvernig unnið er í skóla án aðgreiningar.
- Leitað er leiða til að allir nemendur geti tekið virkan þátt í námi og starfi innan skólans og utan.

#### Tækifæri til umbóta

- Sýna í námsvísunum og námsáætlunum hvernig komið er til móts við fjölbreyttar þarfir og áhuga allra nemenda.

#### *Stuðningur við nám*

Yfirlit yfir skimanir og kannanir sem lagðar eru fyrir er birt í starfsmannahandbók skólans en ekki kemur þar fram hvernig brugðist skal við niðurstöðum.

Deildarstjórar hafa umsjón með stuðningi og sérkennslu hvor á sínu stigi og eru tengiliðir við stoðþjónustu. Sérkennsla og stuðningur er aðeins að hluta til í höndum fagmenntaðs kennara en að öðru leyti í höndum almennra kennara og stuðningsfulltrúa.

Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir nemendur sem þess þurfa. Námskrárnar eru kynntar foreldrum og þeir fá tækifæri til að setja fram óskir sínar um nám barns síns. Þátttaka þeirra í námskrárgerðinni virðist að öðru leyti takmörkuð og ekki kemur fram að nemendur taki þátt í markmiðasetningu.

Ítarlegra mat á einstaklingsnámskrám er í 4. kafla skýrslu þessarar.

#### Styrkleikar

- Yfirlit yfir skimanir og kannanir í skólum Akureyrar liggur fyrir.
- Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir nemendur sem hafa miklar sérþarfir í námi

#### Tækifæri til umbóta

- Tryggja eins og kostur er að sérkennsla og stuðningur sé í höndum fagmenntaðra aðila.
- Auka aðkomu nemenda og foreldra að markmiðssetningu í einstaklingsnámskrám.

## Svið III – Innra mat

Í skólustefnu Akureyrarbæjar kemur fram að: „Í góðum skóla er formlegt og sýnilegt sjálfsmatskerfi sem tekur mið af aðalnámskrá, skólustefnu og skólanámskrá“. Í Oddeyrarskóla er fjölbreytt sjálfsmat í gangi. Þar má nefna árlega kannanir hjá Skólapúlsi, SVÓT-greiningar á ýmsum viðburðum skólustarfs, nokkurs konar skólaþing með nemendum og starfsþróunarviðtöl. Þá kemur ytra mat svo sem samræmd próf inn í innra mat skólans og viðhorfskannanir sem Akureyrarbær hefur með höndum.

Það má því segja að innra mat sé tengt ýmsum þáttum skólanámskrár og samrýmist stefnu bæjarins. Hins vegar væri æskilegt að það væri sýnilegra á heimasíðu skólans.

Í niðurstöðu á könnun á sjálfsmati skólans sem menntamálaráðuneyti gerði árið 2009 kemur fram að á þeim tíma teljast sjálfsmatsaðferðir skólans og framkvæmd þess ófullnægjandi að hluta samkvæmt viðmiðum ráðuneytisins.

### Framkvæmd innra mats

#### *Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólustarfi*

Í vorskýrslu skólans er gerð grein fyrir innra mati og hverjir bera ábyrgð á framkvæmd þess. Langtíma-áætlun um innra mat nokkur ár fram í tímann (3-5 ár) liggur ekki fyrir eða áætlun fyrir yfirstandandi skólaár.

Mat og ígrundun kennara og annarra starfsmanna á eigin starfsháttum er liður í daglegu starfi svo innra mat er hluti af daglegu starfi allra starfsmanna. Lögð er áhersla á að meta nám og kennslu með reglubundnum hætti.

#### *Innra mat er markmiðsbundið*

Leiðir að markmiðum, svo sem verkefni, aðgerðir, áætlanir og verkferlar eru hluti af innra mati. Í greinargerð um innra mat, þ.e. vorskýrslu skólans, er fjallað um að hve miklu leyti markmið hafa náðst t.d. viðmið landsmeðaltals í spurningum í Skólapúlsinum.

Ekki kemur fram hvernig öll markmið sem sett eru fram í skólanámskrá eru metin eða hvort það er gert reglubundið með einhverjum hætti. Mat á SMT – skólafærni fer fram reglulega og er framkvæmt af öðrum skólum sem hafa tileinkað sér þá aðferðafræði.

#### *Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum*

Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við að afla gagna og með aðferðum sem hæfa viðfangsefninu hverju sinni. Niðurstöður úr ytra mati svo sem skimanir sveitarfélagsins, samræmd próf og PISA eru nýttar í innra mat skólans.

#### *Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum*

Svokallað sjálfsmatsteymi er starfandi og í því sitja stjórnendur og námsráðgjafi. Það teymi ákveður áherslur og forgangsröðun í innra mati og allar áætlanir og hugmyndir eru ræddar á starfsmannafundum. Skólaráði eru einnig kynntar hugmyndir teymisins en foreldrar og nemendur koma ekki að áherslum í innra mati að öðru leyti.

Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli. Þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir eiga sér stað samræður á starfsmannafundum. Niðurstöður eru einnig kynntar foreldrum og nemendum í sérstökum hópum ef ástæða þykir til og niðurstöður eru kynntar skólaráði. Skólastjóri gerir einnig grein fyrir helstu niðurstöðum í fréttabréfi sem fer inn á öll heimili eða með tölvupósti til foreldra.

#### Styrkleikar

- Mat á námi og framförum nemenda fer fram reglulega.
- Fjölbreyttar aðferðir eru nýttar til að afla gagna í innra mati.
- Leitað er eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila.
- Nýttar eru niðurstöður úr ytra mati í innra mat skólans.

#### Tækifæri til umbóta

- Gera þarf langtímaáætlun í innra mati svo og áætlun fyrir yfirstandandi skólaár.
- Huga þarf að því að öll markmið í skólanámskrá séu metin markvisst og reglulega og skilgreina viðmið.
- Í skólanámskrá þarf að gera grein fyrir helstu leiðum í innra mati.
- Að fá alla hagsmunaaðila til þátttöku í innra mats teymi.
- Helstu niðurstöður innra mats þurfa að vera aðgengilegar öllum hagsmunaaðilum.

### Umbótastarf í kjölfar innra mats

#### *Innra mat er opinbert*

Starfsmenn fá upplýsingar á fundum um niðurstöður innra mats og geta þar tekið þátt í umræðum um umbætur í kjölfar mats. Umbótaáætlun ársins 2014–2015 er skýrt sett fram en hún er ekki birt á heimasíðu skólans. Umbótaáætlun ársins 2015–2016 er í vinnslu. Í greinargerð um innra mat, sem er í vorskýrslu, er gerð grein fyrir helstu aðferðum matsins og skýrslan er aðgengileg á heimasíðu skólans. Niðurstöður umbótastarfsins er ekki að finna á heimasíðu skólans en eru ræddar á starfsmannafundum og í sérstökum hagsmunahópum svo sem í lausnateymum.

#### *Innra mat er umbótamiðað*

Umbætur eru skilgreindar og skipulagðar á grunni greiningar á styrkleikum og veikleikum. Umbótaáætlun er tímasett, þar eru tilgreind verkefni og lýsing á þeim, markmið og mælikvarði á árangri. Auk þess eru tilgreindir ábyrðaraðilar hvers þáttar. Áætlanir um umbætur eru bornar undir skólaráð með formlegum hætti. Í viðtölum við fulltrúa úr skólaráði kom fram að þeir telja umbótum kerfisbundið fylgt eftir og gátu nefnt breytingar sem gerðar hafa verið vegna niðurstöðu úr innra mati.

### Styrkleikar

- Umbótaáætlun er skýrt sett fram, þar koma fram verkefni, leiðir, tímasetning og ábyrgðaraðilar.
- Umbótaáætlun er lögð formlega fyrir skólaráð.

### Tækifæri til umbóta

- Birta greinargerðir um innra mat og umbótaáætlun á heimasíðu skólans.
- Kynna niðurstöður innra mats formlega fyrir öllum hagsmunaaðilum.

## Svið IV – Skóli án aðgreiningar

Skólastarf og námsaðstæður í skóla án aðgreiningar

### Menning og viðhorf

Hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar kemur fram í skólanámskrá þar sem segir að lögð sé áhersla á nám við hæfi einstaklinga og að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda. Í rýnihópum kemur fram það viðhorf viðmælenda að skólinn sé án aðgreiningar og leitast sé við að allir nemendur fái aðstæður til náms og stuðning sem þeir þurfa.

Allir nemendur eru velkomnir í skólann og hann er að sögn viðmælenda þekktur fyrir jákvætt viðhorf til fatlaðra nemenda. Að sögn foreldra í rýnihópi leita foreldrar nemenda með sérþarfir eftir því að koma í skólann vegna góðrar þjónustu við þá.

### Styrkleikar

- Í skólanámskrá segir að lögð sé áhersla á nám við hæfi einstaklinga og að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda.
- Í rýnihópum kemur fram jákvætt viðhorf til skóla án aðgreiningar og litið er á stuðning við nemendur sem eðlilegan þátt í daglegu skólastarfi.

### Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að orða með skýrum hætti í stefnu skólans að hann sé án aðgreiningar og skilgreina hvað í því felst.

### Námskrá og áætlanir

Heildaráætlun um skipulag sérstaks stuðnings hefur ekki verið gerð en nemendur sem þess þurfa fá sérstakan stuðning og þeim útvegaðar þær bjargir sem þeir þurfa.

Í skólanum er unnið eftir gátlistum/verkferlum frá Akureyrarbæ þar sem lýst er vinnu fagmanna og foreldra eftir að greining hefur verið gerð. Skilgreint er hlutverk allra sem að nemandanum koma í skólanum. Ferli tilvísana liggur einnig fyrir.

Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir nemendur þar sem nám viku verulega frá námskrá bekkjarins. Í þeim koma fram upplýsingar um bakgrunn, núverandi getu og hæfileika auk þess sem sett eru fram bæði langtíamarkmið og markmið í einstökum námsgreinum fyrir önnina. Tilhögun samstarfs við foreldra kemur fram og rúm er fyrir óskir foreldra. Ekki kemur fram að nemandi eigi sjálfur aðild að námskránni. Umsjónarkennari er ábyrgur fyrir gerð námskrárinnar en einnig eru tilgreindir aðrir starfsmenn sem koma að gerð hennar og framkvæmd.

### Styrkleikar

- Í skólanum er unnið eftir greinargóðum gátlistum/verkferlum þar sem lýst er hlutverki fagmanna og foreldra eftir að greining hefur verið gerð.
- Ítarlegar einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir nemendur sem víkja frá námskrá bekkjarins.

### Tækifæri til umbóta

- Útbúa heildaráætlun um skipulag sérstaks stuðnings í skólanum þar sem fram kemur hvernig mæta eigi nemendum með sérstakar þarfir í námi.
- Auka hlutdeild foreldra og nemenda að gerð einstaklingsnámskrár.

### Upplýsingamiðlun og samskipti

Skólinn nýtir sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins og kennarar fá ráðgjöf og fræðslu vegna nemenda sem þurfa sérstakan stuðning í námi. Upplýsingar um sérfræðiþjónustuna eru á heimasíðu Akureyrarbæjar (skóladeild, sérfræðiþjónusta) en á heimasíðu Oddeyrarskóla er ekki að finna upplýsingar um hvernig staðið er að stuðningi við nemendur eða sérkennslu.

Unnið er eftir skráðu skipulagi um samskipti við leikskóla vegna nemenda sem þurfa sérstakan stuðning en móttökuáætlun fyrir þá nemendur hefur ekki verið gerð. Foreldrar sjá um að upplýsingar fylgi nemendum milli grunnskóla og framhaldsskóla. Námsráðgjafi heldur utan um samskiptin og boðið er upp á aukaskólaheimsókn í framhaldsskólann en ekki liggur fyrir skráð skipulag eða ferli. Tilfærsluáætlanir hafa ekki verið gerðar fyrir nemendur sem njóta sérúrræða innan skólans en þeim nemendum er sérstaklega fylgt eftir við skólaskil.

Deildarstjórar halda fundi með starfsmönnum að hausti og miðla nauðsynlegum upplýsingum vegna nemenda. Öll upplýsingamiðlun er í samráði við foreldra og fyrir kemur að þeir koma í bekk barnsins til að greina frá fötlun og sérstöðu þess.

### Styrkleikar

- Mikil samvinna er við sérfræðiþjónustu Akureyrarbæjar vegna nemenda sem hafa sérstakar þarfir í námi.
- Unnið er eftir skráðu skipulagi um samskipti við leikskóla vegna nemenda sem þurfa sérstakan stuðning.
- Öll upplýsingamiðlun um nemendur er í samráði við foreldra.

### Tækifæri til umbóta

- Gera upplýsingar um sérfræðiþjónustu skólans aðgengilegar á heimasíðu skólans.
- Setja starfsreglur um meðferð mála sem berast frá foreldrum.
- Skrá skipulag um meðferð upplýsinga sem fara milli grunn- og framhaldsskóla vegna nemenda með sérstakar þarfir í námi.
- Gera tilfærsluáætlun (einstaklingsbundna áætlun um skólaskil) þegar við á.
- Gera upplýsingar um skólann og skólastarfið aðgengilegri fyrir alla óháð tungumáli eða fötlun.

### Starfshættir

Deildarstjórar bera ábyrgð á skipulagi sérkennslu hvor á sínu stigi. Starfsfólk vinnur saman í teyllum í því skyni að auka gæði kennslu og koma betur til móts við ólíkar þarfir nemenda, segir í starfsáætlun skólans. Einnig eru mynduð teymi um málefni einstaklinga sem þurfa sérstakan stuðning í námi með þátttöku kennara, skólastjórnenda, annarra sérfræðinga og foreldra. Teymisfundir eru haldnir á 4-6 vikna fresti að jafnaði. Þar eru skráðar fundargerðir og stjórnendur fylgja málum eftir.

Markvisst er unnið að því að útvega námsgögn og útbúa námsumhverfi sem hentar nemendum með sérstakar þarfir, þeir sem þurfa stuðning fá hundrað prósent það sem þeir þurfa, segja kennarar í rýnihópi. Sérkennsla fer að mestu fram inni í bekk og það er undantekning að einhver sé tekinn út nema hann óski eftir því, segir í rýnihópi kennara. Nokkrir nemendur á miðstigi hafa vinnuaðstöðu sína á gangi fyrir framan stofur bekkjanna. Þau halda þannig nálægð við bekkjarfélagana en um leið getur verið ónæðissamt vegna umgangs.

Í rýnihópum koma fram athugasemdir við útivistarsvæði og ábendingar um að bæta þurfi tölvubúnað skólans.

#### Styrkleikar

- Starfsfólk vinnur saman í teyrum í því skyni að auka gæði kennslu og koma betur til móts við ólíkar þarfir nemenda.
- Mynduð eru teymi um málefni einstaklinga sem þurfa sérstakan stuðning í námi með þátttöku starfsmanna, stjórnenda, sérfræðinga og foreldra.
- Sérkennsla fer að mestu fram inni í bekk.
- Markvisst er unnið að því að útvega námsgögn og útbúa námsumhverfi sem henta nemendum með sérstakar þarfir.

#### Tækifæri til umbóta

- Huga að því að nemendur fái námsaðstæður sem nýtast þeim vel til náms.
- Bæta aðstöðu í útivist og tölvubúnað.



## Styrkleikar og tækifæri til umbóta

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér. Í stórum dráttum má segja að í Oddeyrarskóla fari fram gæðastarf þar sem stuðst er við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og annað sem lögum samkvæmt snýr að þeim þáttum skólustarfs sem metnir voru.

### Styrkleikar í stjórnun

Stjórnendur leggja rækt við samskipti í skólasamfélaginu m.a. með árvissum spjallfundum foreldra í ákveðnum aldurshópum og boði til foreldra tveggja aldurshópa (1. og 8. bekk) að fá kennara í heim-sókn heim á heimilið. Samstarf bæði innan skóla og við nærsamfélagið einkennist af gagnkvæmu trausti og samkennd. Skólasamfélagið hefur skilgreint jákvæðan skólabrag og mótað leiðir til að viðhalda honum. Kennarar eru hvattir til að leita fjölbreyttra leiða í sí- og endurmenntun til að auka sífellt gæði náms og kennslu. Starfsáætlun og skólanámskrá uppfylla flest viðmið aðalnámskrár og endurspegla áherslur í skólastefnu Akureyrarbæjar.

Verklagsreglur og viðbrögð við einelti liggja fyrir og unnið er eftir þeim. Skólaráð er virkur samráðsaðili skólans og reglubundnar upplýsingar eru sendar foreldrum um skólastafrið og árangur af einstökum verkefnum.

### Tækifæri til umbóta í stjórnun

- Að stjórnendur fylgist reglulega með námi og kennslu í formi heimsóknna í stofur og veiti endurgjöf.
- Gera þarf móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn.
- Skrá niður samskipti við framhaldsskóla, tónlistarskóla og grenndarsamfélagið og birta á heimasíðu.
- Hafa umbótaáætlun tilbúna í byrjun skólaárs.
- Vinna að, og setja á heimasíðu, námsvísa þar sem m.a. er gerð grein fyrir hvernig grunnþættir menntunar fléttast inn í allt skólastarf.
- Gæta þess við næstu endurskoðun skólanámskrár að allir hagsmunaaðilar eigi þar beina þátttöku.
- Vinna að gerð móttökuáætlana fyrir nýja nemendur, nemendur með sérþarfir og nemendur með annað tungumál en íslensku.
- Gera áætlun um sérkennslu og stuðning fyrir skólaárið.
- Gæta þess að allir fulltrúar í skólaráði séu kosnir eins og reglugerð kveður á um.

### Styrkleikar í námi og kennslu

Í skólanámskrá, almennum hluta, eru sett skýr, metanleg markmið með skólastarfi og greinargóðar námsáætlanir eru gerðar í öllum námsgreinum, í þeim er gerð grein fyrir fjölbreyttum námsleiðum og námsmati. Meirihluti kennslustunda voru metnar góðar eða frábærar, stundirnar voru vel skipulagðar og tími vel nýttur.

Nemendur fá tækifæri til að tjá sig um málefni sem snerta þá, m.a. á bekkjarfundum og tillit er tekið til sjónarmiða þeirra. Samskipti í skólasamfélaginu einkennast af jákvæðni og virðingu í samræmi við einkunnarorð hans og áherslur í SMT-færni. Sérstaða skólans felst í því hvernig unnið er í skóla án aðgreiningar. Leitað er leiða til að allir nemendur geti tekið virkan þátt í námi og starfi innan skólans og utan.

#### Tækifæri til umbóta í námi og kennslu

- Vinna markvisst að því að bæta árangur nemenda.
- Endurskoða skólanámskrá, almennan hluta og draga skýrt fram hvernig grunnþættir menntunar fléttast inn í allt skólastarf.
- Útbúa námskrár/námsvísa fyrir allar námsgreinar sem sýna samfellu milli árganga og viðmið um námsmat og matskvarða og birta námskrár á heimasíðu.
- Auka val í námi nemenda á miðstigi og yngsta stigi og leggja enn meiri áherslu á að nemendur fái við krefjandi verkefni sem stuðla að virkri þátttöku og rökhugsun þeirra.
- Tryggja eins og kostur er að sérkennsla og stuðningur sé í höndum fagmenntaðra aðila og auka aðkomu nemenda og foreldra að markmiðssetningu í einstaklingsnámskrám.

#### Styrkleikar í innra mati

Mat á námi og árangri nemenda fer fram reglulega. Kannanir um líðan og samskipti eru árlega lagðar fyrir foreldra, nemendur og starfsmenn. Auk þess eru gerðar SVÓT greiningar á ýmsum viðburðum í skólanum og s.l. vor var haldið skólaþing með nemendum til þess að fá fram hugmyndir þeirra.

Í vorskýrslu frá síðasta skólaári er rætt um helstu leiðir sem farnar voru í innra mati og umbótaáætlun liðins árs er skýrt sett fram með markmiðum, leiðum, mælikvarða á árangri, tímaáætlun og ábyrgðar-aðilum. Allar áætlanir í innra mati eru lagðar formlega fyrir skólaráð og niðurstöður kynntar.

#### Tækifæri til umbóta í innra mati

- Birta greinargerðir um innra mat og umbótaáætlun á heimasíðu skólans.
- Kynna niðurstöður innra mats formlega fyrir öllum hagsmunaaðilum.
- Gera þarf langtímaáætlun í innra mati svo og áætlun fyrir yfirstandandi skólaár.
- Huga þarf að því að öll markmið í skólanámskrá séu metin markvisst og reglulega og skilgreina viðmið.
- Í skólanámskrá þarf að gera grein fyrir helstu leiðum í innra mati.
- Að fá alla hagsmunaaðila til þátttöku í innra mats teymi.
- Helstu niðurstöður innra mats þurfa að vera aðgengilegar öllum hagsmunaaðilum.

### Styrkleikar í skóla án aðgreiningar

Lögð er áhersla á nám við hæfi einstaklinga og að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda. Viðhorf til skóla án aðgreiningar er jákvætt og litið er á stuðning við nemendur sem eðlilegan þátt í daglegu skólastarfi. Ítarlegar einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir nemendur sem víkja frá námskrá bekkjarins. Starfsfólk vinnur saman í teyllum í því skyni að auka gæði kennslu og koma betur til móts við ólíkar þarfir nemenda og sérkennsla fer að mestu fram inni í bekk. Nemendur fá tækifæri til að tjá sig um málefni sem snerta þá, m.a. á bekkjarfundum og tillit er tekið til sjónarmiða þeirra. Samskipti í skólasamfélaginu einkennast af jákvæðni og virðingu í samræmi við einkunnarorð hans og áherslur í SMT-færni. Sérstaða skólans felst í því hvernig unnið er í skóla án aðgreiningar. Leitað er leiða til að allir nemendur geti tekið virkan þátt í námi og starfi innan skólans og utan.

### Tækifæri til umbóta í skóla án aðgreiningar

- Æskilegt er að orða með skýrum hætti í stefnu skólans að hann sé án aðgreiningar og skilgreina hvað í því felst.
- Útbúa heildaráætlun um skipulag sérstaks stuðnings í skólanum þar sem fram kemur hvernig mæta eigi nemendum með sérstakar þarfir í námi.
- Auka hlutdeild foreldra og nemenda að gerð einstaklingsnámskrár.
- Gera tilfærsluáætlun (einstaklingsbundna áætlun um skólaskil) þegar við á.
- Gera upplýsingar um skólann og skólastarfið aðgengilegar fyrir alla óháð tungumáli eða fötlun.

## Frekari greining Oddeyrarskóla

Niðurstöður á þeim þáttum sem til skoðunar voru í ytra mati.

Litirnir sem notaður er í töflunni standa fyrir eftirfarandi kvarða:

- D → 1,0 – 1,5 = rautt – mikil umbótaþörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- C → 1,6 – 2,5 = gult – meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.
- B → 2,6 – 3,5 = ljósgrænt - meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
- A → 3,6 – 4 = grænt – flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Stjórnun			Nám og kennsla			Innra mat	
Fagleg forysta	Stefnumótun og skipulag	Samskipti heimila og skóla	Nám og námsaðstæður	Þáttt. og ábyrgð nemenda	Námsaðlögun	Framkvæmd innra mats	Umbótastarf í kjölfar innra mats
Stjórnandinn sem leiðtogi	Starfs áætlun og skólanámskrá	Skólaráð, foreldrafélag	Inntak og árangur	Lýðræðisleg vinnubrögð	Nám við hæfi allra nemenda	Kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi	Opinbert
Stjórnun stofnunar	Skóladagur nemenda	Þáttt. foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag náms og námsumhverfi	Ábyrgð og þátttaka	Stuðningur við nám	Markmiðs bundið	Umbótamiðað
Faglegt samstarf	Verklagsreglur og áætlanir		Kennslu-hættir og gæði kennslu			Byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum	
Skólaþróun			Námshættir og námsvitund			Samstarfsm. og byggir á lýðræðisl. vinnubr.	


## Greining kennslustunda

Greining 23 kennslustunda sem matsmenn sátu falla flestar undir skilgreininguna góðar, tvær voru metnar frábærar, ein var metin þannig að þar þyrfti að bæta einhver mikilvæg atriði og ein var metin óviðunandi.

### Samvinna og einstaklingsvinna

Við skráningu á kennslustundum er litið til þess hvort nám nemenda sé markvisst skipulagt á þann hátt að nemendur vinna einir við hvers kyns verkefni eða hvort um samvinnu eða samræður um námið sé að ræða.

**Mynd 4** Yfirlit yfir samvinnu og einstaklingsvinnu nemenda í metnum kennslustundum.



Nemendur unnu einstaklingslega að námi sínu í 65% þeirra kennslustunda sem matsmenn heimsóttu og samvinna við nám var skipulögð í 22% stundanna.

### Notkun upplýsingatækni

Nemendur eða hluti nemenda nota upplýsingatækni í þremur kennslustundum af 23 sem matsmenn heimsóttu.

Kennarar nýttu upplýsingatækni að einhverju marki til kennslu í fjórum af þessum stundum.

### Kennsluathafnir

Kennsluáherslur kennara eru greindar í það sem kalla má fræðandi, leiðbeinandi eða blöndu af hvoru-tveggja. Fræðandi athafnir tengjast því sem kallað er bein yfirfærsla og leiðbeinandi kennsluathafnir eru oft tengd hugtakinu hugsmíðahyggju eins og gert er í Hvítbók um umbætur í menntun.

### Fræðari - bein kennsla


Kennarinn er fyrst og fremst að miðla efni, staðreyndum og hugtökum. Kennsluathafnir eru að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt er, þá eru það spurningar sem kalla oftast á eitt rétt svar. Vinna við verkefni og vinnubækur mótast af því að taka á móti staðreyndum og setja þær fram á ákveðinn hátt, ein þekkt lausn. Námsfernið er í forgrunni.

### Leiðbeinandi - hugsmíðahyggi

Kennarinn stýrir framvindu kennslustunda en leggur áherslu á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhugsun nemenda (lýsa, leggja mat á, bera saman, draga ályktanir og/eða setja fram tilgátur), eða opin/skapandi viðfangsefni þar sem hægt er að velja úr nokkrum þekktum lausnum, eða leggur áherslu á frumkvæði og ábyrgð nemenda með skipulagi á námsathöfnum þar sem engin lausn er fyrirfram þekkt. Áhersla er á námsferlið sem leið (og leiðir) til náms frekar en námsefnið einvörðungu.

Nemandinn er í forgrunni og hann er virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir. Áhugi nemenda og forvitni er drifjöður námsathafna. Kennarinn skapar námsaðstæður og tækifæri nemenda til þátttöku, hann sér um að bjargir séu til staðar og veitir endurgjöf meðan á námi stendur.


**Mynd 5** Yfirlit yfir kennsluathafnir í metnum kennslustundum.



Kennarar skipulögðu kennsluathafnir sem fræðandi í 65% af kennslustundunum.

Hópastærð, fjöldi nemenda á kennara

**Mynd 4** Fjöldi nemenda í metnum kennslustundum á hvern kennara í almennri kennslu.



Skráð er hve margir nemendur eru á hvern menntaðan kennara í hverri metinni kennslustund. Y-ás myndarinnar sýnir fjölda nemenda og x-ás hverja metna kennslustundir. Stundir við sérkennslu eru ekki teknar með.

Matsblað kennslustundar		Vettvangsathugun í kennslustund
Bekkur:	Dags./vikud.:	Kl.(upphaf og lok):
Námsgrein:	Fjöldi nemenda í stundinni:	Nám byggir á: Samvinnu nemenda / Einstaklingsvinnu/Blanda
Kennari/ar:	Fjöldi nemenda í sérúrræði utan stofu:	Nota nemendur UT við nám: J/N
Aðrir fullorðnir, fjöldi:	Kennsluáherslur: Fræðandi/Leiðbeinandi/Blanda	Nota kennarar UT við kennslu: J/N
Matspáttur:	Vísbendingar:	
Skipulag í skólastofunni/kennsluaðstæður:	Námsgögn og umhverfi styðja við nám og kennslu allra nemenda.	
Framvinda kennslustundarinnar:	Kennslustundin er vel skipulögð, vel uppbyggð og tíminn vel nýttur.	
Markmið, mat og endurgjöf:	Kennslan byggir á faglegri þekkingu kennara. Markmið stundarinnar eru skýrt sett fram og kynnt nemendum. Viðmið um árangur eru sýnileg. Endurgjöf er leiðbeinandi, regluleg, markviss og leiðir til framfara. Námsmat er fjölbreytt. Nemendur þjálfast í sjálfsmati og taka þátt í að meta eigin árangur.	
Samskipti og samstarf:	Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda. Samskipti eru jákvæð og einkennast af virðingu. Nemendur koma vel fram og taka tillit til annarra. Samvinna og samstarf er markvisst þjálfað og notað.	
Kennsluaðferðir og vinnutilhögun:	Kennsla er skipulögð þannig að hún hæfi öllum nemendum. Nemendur hafa val um verkefni og verkefni eru krefjandi. Verkefni eru heildstæð og samþætt. Allir nemendur taka virkan þátt. Kennsluhættir og vinnubrögð eru fjölbreytt og hæfa verkefnum. Nemendur þjálfast í að vinna sjálfstætt, í samvinnu og að beita fjölbreyttum námsaðferðum. Nemendum er kennt að setja sér eigin markmið í námi. Nemendur nýta mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni, m.a. upplýsinga- og samskiptatækni. Nemendur fá þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.	
Námsaðlögun:	Kennsla er löguð að mati á stöðu nemenda. Verkefni eru krefjandi og í samræmi við námsmarkmið hvers og eins. Nám nemenda tekur mið af áhuga þeirra og hæfileikum. Nemendahópar vinna að mismunandi verkefnum með fjölbreyttum aðferðum. Nemendur geta valið sér námsaðferðir eftir viðfangsefni eða eigin námsstíl.	
Grunnþættir menntunar:	Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun; eru þessir þættir sýnilegir í stundinni?	
Tvö atriði sem tókust vel eða voru vel gerð í stundinni og eitt sem má bæta.		

## Heimildir

- Aðalnámskrá grunnskóla: almennur hluti. (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Aðalnámskrá grunnskóla: greinasvið. (2013). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Akureyrarbær. Slóðin er: <http://akureyri.is>
- Björk Ólafsdóttir. (2011). Innra mat grunnskóla: leiðbeiningar og viðmið fyrir mat sveitarfélags á innra mati grunnskóla. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.
- Hrönn Pétursdóttir. (2007). Sameiginleg framtíðarsýn fyrir grunnskólastarfið 2007-2020. Reykjavík: Félag grunnskólakennara, Samband íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélag Íslands.
- Lög um grunnskóla, nr. 91/2008.
- Menntamálaráðuneytið. 1997. Sjálfsmat skóla. Slóðin er: [http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/8-F7A17F4C22D2832002576F00058D40C/Attachment/sjalpsm\\_skola\\_97.pdf](http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/8-F7A17F4C22D2832002576F00058D40C/Attachment/sjalpsm_skola_97.pdf)
- Oddeyrarskóli. Slóðin er: <http://www.oddeyrarskoli.is>
- Reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum. Slóðin er: <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/584-2010>
- Reglugerð nr. 585/2010 um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla. Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/allar-rettarheimildir/nr/5540>
- Reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/6347>
- Reglugerð nr. 1157/2008 um skólaráð við grunnskóla. Slóðin er: <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/1157-2008>
- Gögn um samræmd próf unnin úr gagnagrunni Menntamálastofnunar.









